

MARGT ER UM AÐ VELJA



Náms- og starfsfræðsla Verkefnablöð

Berglind Melax
Berglind Helga Sigurpórsdóttir
Helga Helgadóttir
Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir

Áður fyrr var það reglan að fólk var í sama starfinu ævina út. Í dag er reglan sú að fólk skiptir oft um starf vegna örra breytinga í atvinnulífinu. Því má segja að starfsferillinn breyti oft um ásýnd. Þetta er á ensku kallað “protean career” og er þá vitnað í gríska guðinn Proteus sem gat breytt sér í margs konar skepnur. Teikningar Högna Sigurpórssonar í þessu námsefni vísa í söguna af guðinum Proteusi. Það er starfsferill af þessari gerð sem flestir unglingar eiga fyrir höndum og það er tilgangur þessa efnis að búa þau sem best undir síbreytilegan starfsferil.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfalisti	5
Námslisti	6
Könnun á atvinnulífinu – Fyrri hluti – Verkefnablöð.	7
Inngangur fyrsta hluta	7
1. HVAÐ ER VINNA?	8
2. VINNA OG UPPFINNINGAR	10
3. MIKILVÆGI HVERS STARFS	12
4. HVAÐ ER STARF?	14
5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU	22
Ferðalagið framundan – Annar hluti – Verkefnablöð.	27
Inngangur annars hluta	28
6. FERÐALAG	29
7. GILDI HVERS OG EINS	30
8. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI	32
9. BROTTVARFSHÆTTA	33
Aðdráttarafi starfanna – Þriðji hluti – Verkefnablöð.	37
Inngangur þriðja hluta	38
10. LEITAÐ – FUNDIÐ	39
11. KYNBUNDINN VINNUMARKAÐUR	40
12. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN	41
13. AÐ VERA FRUMLEGUR	42
14. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI	44
Markmið og starfsval – Fjórði hluti – Verkefnablöð.	45
Inngangur fjórða hluta	46
15. ÁHUGAVERÐ STÖRF	47
16. ENDURMAT	48
17. UNDIRBÚNINGUR UNDIR STARFSFERIL	49
18. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ	52
19. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN	54
20. MARGT ER UM AÐ VELJA	57
LOKAORÐ	58

Margt er um að velja – Vefútgáfa

Verkefnablöð
ISBN 978-9979-0-2356-2

© 2004 Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir, Berglind Helga
Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir
Aukið og endurbætt
© 2019 Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir og Berglind Melax
© 2019 Teikningar Högni Sigurþórsson

Allur réttur áskilinn
Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

1. útgáfa 2004
2. útgáfa 2019
3. útgáfa 2022
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Inngangur

Í þessari vinnubók gefst þér, kæri nemandi, kostur á að kynna þér atvinnulífið með skipulögðum hætti og kanna hvaða starfsvettvang þú gætir hugsanlega kosið þér í framtíðinni. Í gegnum ævina tökum við ýmsar stórar ákvarðanir og þegar kemur að slíkum ákvörðunum er vissara að gera það að vel athuguðu máli. Þegar við tökum ákvörðun um stefnu á starfsferli þurfum við að búa yfir:

- Þekkingu á störfum og atvinnulífinu.
- Þekkingu á námsleiðum í skólakerfinu.
- Þekkingu á okkur sjálfum, áhuga okkar og gildum.

Í þessu námsefni er stefnt að því að hjálpa þér að taka ákvörðun um hvað skal gera að loknu grunnskólanámi. Markmið námsefnisins *Margt er um að velja* er að þú:

- Öðlist skilning á tilgangi atvinnulífsins í þjóðfélaginu.
- Áttir þig á fjölbreytni atvinnulífsins og fræðist um störf og starfsgreinar.
- Kannir störf sem þú þekktir ekki fyrir og uppgötvir ný starfssvið í atvinnulífinu
- Áttir þig á hvaða áhrif þú getur haft á eigin aðstæður.
- Gerir greinamun á sjálfstæðri og ósjálfstæðri ákvörðunartöku.
- Setjir þér markmið og fyrirætlanir varðandi framtíðina.

Uppsetning

Vinnubókinni er skipt í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn nefnist *Könnun á atvinnulífi* og er þar verið að einblína á einkenni og hlutverk starfa. Annar hlutinn, *Ferðalagið framundan*, felst í að ígrunda um persónuleg gildi og fræðast um áhættuþætti brotthvarfs úr námi. Í þriðja hluta, *Aðdráttarafi starfanna*, eru valin áhugaverð störf til að skoða nánar, varpað fram hugmyndum um hvað teljist til hefðbundinna karla- eða kvennastarfa og skoðað hvernig er hægt að kanna störf með frumlegum hætti. Að lokum í fjórða og seinasta hlutanum, *Markmið og starfsval*, er haldið áfram að skoða störf nánar og hvaða undirbúning þarf fyrir tiltekin störf, einnig er fræðst um hvernig megi setja sér markmið og farið yfir hvað liggur á bakvið ákvarðanatöku.

Í hverjum kafla er efnið kynnt og ýmsum spurningum eða vangaveltum varpað fram. Næst eru verkefni eða æfingar sem nemendur ýmist vinna að einir eða í hópum. Að lokum er viðfangsefnið dregið saman í niðurstöðu og skerpt er á stefnu og framtíðarsýn.

Námsefnið endar á lokaverkefni, en þar eru dregin saman nokkur mikilvæg atriði sem nemendur hafa lært.

Vonandi veitir þetta námsefni þér betri forsendur til þess að hugsa um atvinnulífið og mynda sjálfstæða skoðun um hvaða hlutverk þú gætir hugsað þér að taka í því, m.ö.o. hvaða störf þú vilt búa þig undir.

Gangi þér vel!

Starfalisti

Almannatengill	Húsgagnabólstrari	Rafveituvirki
Arkitekt	Húsgagnasmiður	Rafvélavirki
Atferlisfræðingur	Húsasmiður	Rafvirki
Bakari	Iðjupjálvari	Rennismiður
Bifreiðasmiður	Iðnfræðingur	Safnvörður
Bifvélavirki	Innanhúsarkitekt	Sagnfræðingur
Bílamálari	Ípróttakennari	Samfélagsmiðlastjóri
Blaða og fréttamaður	Ípróttufræðingur	Sálfræðingur
Blikksmiður	Jarðfræðingur	Sérkennari
Blómaskreytir	Kennari	Sjávarútvegsfræðingur
Bókari	Kerfisfræðingur	Sjúkraliði
Bókmenntafræðingur	Kjólasaumari	Sjúkraþjálfari
Bókasafnstæknir	Kjötiðnaðarmaður	Sjúkraflutningamaður
Bókasafnsfræðingur	Klæðskeri	Skipstjóri
Búfræðingur	Kvikmyndagerðarmaður	Skipulagsfræðingur
Búningahönnuður	Læknir	Skósmiður
Byggingafræðingur	Landfræðingur	Skrifstofufulltrúi
Dýralæknir	Leiðsögumaður	Skrúðgarðyrkjufraeðingur
Eðlisfræðingur	Leikari	Snyrtifræðingur
Efnafræðingur	Leikjahönnuður	Stærðfræðingur
Einkaþjálfari	Leikmyndahönnuður	Stálsmiður
Endurskoðandi	Leikskólakennari	Stjórn málafræðingur
Fatahönnuður	Lífefnafræðingur	Stoðtækjafræðingur
Félagsfræðingur	Líffræðingur	Stuðningsfulltrúi
Félagsráðgjafi	Listfræðingur	Stýrimaður
Félags- og tómstundaliði	Listmeðferðarfræðingur	Tæknifræðingur
Fjármálastjóri	Ljósmyndari	Tækniteiknari
Fjölmíðlatæknir	Ljósmyndari	Táknmálstúlkur
Flugmaður	Lögfræðingur	Talmeinafræðingur
Flugvirki	Lögregluþjónn	Tamningamaður
Flugliði	Lyfjafræðingur	Tannlæknir
Förðunarmeistari	Lyfjataeknir	Tannsmiður
Fornleifafræðingur	Málari	Tanntæknir
Forritari	Málmsuðumaður	Tölfræðingur
Framreiðslumaður	Mannfræðingur	Tölvunarfræðingur
Gæðaeftirlitsmaður	Mannauðs stjóri	Umboðsmaður
Geðlæknir	Markaðsfræðingur	Umhverfisfræðingur
Geislafræðingur	Matartæknir	Umsjónamaður fasteigna
Gervigreindarsérfræðingur	Matreiðslumaður	Úrsmiður
Grafískur hönnuður	Matvælafræðingur	Veðurfræðingur
Grafískur miðlari	Meinataeknir	Vefhönnuður
Gullsmiður	Meindýraeyðir	Veggfóðrari
Hagfræðingur	Mjólkurfræðingur	Vélstjóri
Hársnyrtir	Múrari	Vélvirki
Heimspekingur	Næringarfræðingur	Verkfræðingur
Hjúkrunarfræðingur	Náms- og starfsráðgjafi	Verkefnastjóri
Hljóðmaður	Netagerðarmaður	Viðskiptalögfræðingur
Hóþferðabílstjóri	Nuddari	Viðburðastjóri
Hótelstjóri	Pípulagningamaður	Þjónustufulltrúi
Hugbúnaðarverkfræðingur	Prentari	Þroskaþjálfari
Hundasnyrtir	Rafeindavirki	

Námslisti

Arkitektúr	Íþróttافرæði	Rafvélavirkjun
Atferlisfræði	Jarðfræði	Rafvirkjun
Bakaraiðn	Kennslufræði	Rennismíði
Bifreiðasmíði	Kerfisfræði	Sagnfræði
Bifvélavirkjun	Kjólasaumur	Sálfræði
Bílamálun	Kjötiðn	Sérkennsla
Blikksmíði	Klæðskurður	Símsmíði
Blómaskreyting	Kvikmyndagerð	Sjávarútvegsfræði
Bókasafns- og upplýsingafræði	Landafræði	Sjúkraliði
Bókasafnstækni	Leiðsögunám	Sjúkrabjálfun
Bókmenntafræði	Leiklist	Skipsstjórn
Bókun	Leikskólakennarafræði	Skósmíðaiðn
Búfræði	Listfræði	Skrúðgarðyrkja
Byggingafræði	Listmeðferðarfræði	Snyrtifræði
Dýralæknisfræði	Lífefnafræði	Stálsmíði
Eðlisfræði	Líffræði	Stjórn málafræði
Einkabjálfun	Ljósmyndun	Stoðtækjafræði
Endurskoðun	Ljósmyndun	Stærðfræði
Félagsfræði	Lyfjafræði	Tamningar
Félagsráðgjöf	Lyfjatækni	Tannlækningar
Félagsþjónusta	Lögfræði	Tannsmíði
Fjölmiðlafræði	Löggæsla	Tanntækni
Fjölmiðlataækni	Mannauðsstjórnun	Tákn málstúlkun
Flugnám	Mannfræði	Tæknifræði
Flugvirkjun	Markaðsfræði	Tækniteiknun
Fornleifafræði	Matartækni	Tölfræði
Framreiðsla	Matreiðsla	Tölvuleikjagerð
Geislafræði	Matvælafræði	Tölvunarfræði
Grafísk hönnun	Málaraiðn	Úrsmíði
Grafísk miðlun	Meinataeknir	Veðurfræði
Gullsmíði	Mjólkurfræði	Vefmiðlun
Hagfræði	Múraraiðn	Veggfóðrun
Hársnyrtiiðn	Náms- og starfsráðgjöf	Verkefnastjórnun
Heimspeki	Náttúru og umhverfisfræði	Verkfræði
Hestafræði	Netagerð	Vélstjórn
Hjúkrunarfræði	Nudd	Vélvirkjun
Hljóðtækni	Næringarfræði	Viðburðastjórnun
Hugbúnaðarverkfræði	Pípulagnir	Viðskiptafræði
Hundasnyrting	Prentun	Þroskabjálfun
Húsasmíði	Rafeindavirkjun	
Húsgagnabólstrun	Rafveituvirkjun	
Húsgagnasmíði		
Iðjubjálfun		
Iðnfræði		

MARGT ER UM AÐ VELJA



Könnun á atvinnulífinu

Fyrsti hluti

Verkefnablöð

Berglind Melax
Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur fyrsta hluta – Könnun á atvinnulífinu

Í þessu hefti ímyndið þið ykkur að ykkur hafi skolað á land á eyðieyju í Kyrrahafi ásamt fleiri skipbrotsmönnum. Þið verðið að bjarga ykkur. Út frá þeim upphafspunkti er spunninn söguþráður sem segir okkur ýmislegt um þarfirnar í samfélaginu og að störfín sem þar eru unnin tengist þörfum manna með einum eða öðrum hætti.

Þið komist að raun um að vinna er skilgreind sem athæfi þar sem maðurinn breytir umhverfi sínu sér og sínum í hag og kemur þannig til móts við þarfir sínar og annarra þjóðfélagsþegna.

Í þeim tilgangi hefur maðurinn fundið upp margs konar verkfæri sem verða sífellt flóknari og stórtækari.

Þið skoðið hvernig nýjungar og uppfinningar breyta starfsumhverfinu og sjáið að störfín eru háð hvert öðru.

Í leikjum og tilraunum setjið þið ykkur í spor könnuða sem kanna áður óþekktan heim starfanna. Eins og sannkallaðir könnuðir skilgreinið þið helstu fyrirbæri þessa nýja umhverfis, flokkið þau eftir einkennum og skoðið tengsl þeirra innbyrðis.

Góða ferð!

Niðurstaða

Þarfir einstaklingsins og samfélagsins

Dæmið um lífið á eyðieyjunni hjálpar ykkur að skilja hve þarfir okkar eru margar, bæði einstaklingsþarfir og þarfir sem tengjast því að við lifum í samfélagi við aðra. Dýrin hafa lært að laga sig að umhverfinu en mannum hefur tekist að breyta umhverfinu sér í hag, t.d. með því að búa til nýtanlega hluti úr hráefni sem hann finnur.

Hvernig hafa hlutirnir í skólastofunni þinni orðið til? Hvaða þarfir liggja þar að baki?

Hvaða þörfum myndir þú vilja sinna á eyðieyjunni? Myndir þú vilja byggja skýli, búa um sár, sjá um mat, miðla þekkingu eða eitthvað allt annað?

Nefndu 2–3 þarfir sem vekja áhuga þinn:

Það er okkur sameiginlegt að mynda samstöðu með öðrum í samfélaginu og því leggjum við okkar skerf á sameiginlegt „borð“ samfélagsins og fullnægjum þörfum okkar sem einstaklingar og þjóðfélagsþegnar.

En maðurinn vinnur ekki af þeirri ástæðu einni að hann þarf að afla sér viðurværis. Hugtakið *athafnaþrá* vísar til þess að það er mannum eiginlegt að hafa ánægju af vel unnu verki.

2. VINNA OG UPPFINNINGAR

Á eyðiejunni varð ykkur ljóst að vinnan breytir lífi fólks og einnig hvernig hægt er að breyta umhverfinu til þess að gera það lífvænlegt fyrir sjálfan sig og fólkið í kringum sig.



Hvað rak manninn í upphafi til að finna upp verkfæri?

Hvers vegna er hann alltaf að þróa og betrumbæta verkfæri sín?

Hvað með fólk sem býr til starf út frá áhugamálum eða listsköpun sinni?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
Greina frá áhrifum uppfinninga á atvinnuþróun.

Verkefni

Uppfinningar, frumkvöðlar og nýsköpun: óendanlegir möguleikar?

Í rás sögunnar hefur maðurinn fundið úrlausnir á vandamálum sínum með því að finna upp ný verkfæri og vélar. Nýjar hugmyndir og hnattvæðing hafa einnig haft mikil áhrif á að þróa nýjar uppfinningar og ný atvinnutækifæri.

Ef við rekjum þátt nýrra verkfæra og véla í sögu sjávarútvegs á Íslandi sjáum við fljótt að ný og betri skip og ný tækni í fiskvinnslu hefur gjörbreytt þjóðfélagsháttum hér á landi. Á síðastliðnum árum hafa einnig sprottið upp fyrirtæki á Íslandi sem hafa farið í útrás erlendis.

Þekkir þú til verka íslenskra uppfinningamanna eða frumkvöðla? Hvað með íslensk fyrirtæki, vörur eða jafnvel listamenn sem hafa sótt á erlendan markað eða jafnvel komið með nýjungar hér á Íslandi? Nefndu nokkur þeirra og skrifaðu hér fyrir neðan.

Hversu langan tíma heldur þú að það taki að koma nýrri vöru á markað eða að stofna fyrirtæki? Veldu þér eitt fyrirtæki og skoðaðu sögu þess. Leitaðu að upplýsingum eins og hvenær var það fyrst stofnað, hversu margar vörutegundir hefur það framléitt í gegnum tíðina o.s.frv.

Niðurstaða

Áhrif uppfinninganna á skólakerfið

Eftir því sem uppfinningum fjölgar og tækninni fleygir fram verður þróun hraðari í störfum. Hvert starf krefst sífellt meiri undirbúnings því að þekking og kunnátta verða að vera til staðar til að unnt sé að hafa vald á flóknum hugtökum eða tækjum.

Breytingar í störfum sem rekja má til uppfinninga og nýrrar tækni hafa áhrif á skólakerfið. Skólarnir þurfa að miðla þekkingu og tækni sem er nauðsynleg undirstaða starfanna.

Hvaða uppfinningar telur þú að hafi valdið mestum framförum eða breytingum í skólakerfinu síðastliðin 10 ár?

Skrifaðu niður hugmynd að uppfinningu, vöru eða starfi sem þú gætir hugsað þér að framkvæma eða starfa við í framtíðinni.

3. MIKILVÆGI HVERS STARFS

Framleiðsla á fiskafurðum til útflutnings er mjög flókin og er afrakstur vinnu fjölmargra einstaklinga sem vinna ólík störf. Þekking og hæfni þeirra gera þeim kleift að framleiða fiskafurðina í sameiningu.



Fjöldi ólíkra starfa kemur við sögu við framleiðslu á flestum vörum og í þjónustu. Hvernig tengjast störfin?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
Skilja mikilvægi hvers starfs í samfélaginu.

Verkefni

Störfin eru háð hvert öðru

Stundum er erfitt að gera sér í hugarlund hve mörg aðgreind störf þarf til að framleiða það sem við leggjum okkur til munns á degi hverjum. Til að þið fáið nákvæmari hugmynd um það er hér saga af framleiðslu á einni brauðsneið.

Ljúktu við þessa sögu með því að fylla í eyðurnar með viðeigandi starfsheitum á listanum.

Bakari
Bóndi
Búfræðingur
Efnafræðingur
Grafískur hönnuður

Markaðsfræðingur
Rafvirki
Starfsmenn
vöruflutningsfyrirtækis
Verkfræðingur

_____ (1) framleiðir brauðið. Hann notar ofn sem _____ (2) hefur hannað. Ofninn gengur fyrir rafmagni. Því var það _____ (3) sem lagði að honum raflagnir. Hveitið sem bakarinn notar er unnið úr korni. Kornid var uppskera _____ (4) en _____ (5) hafði ráðlagt honum að auka frjósemi lands síns með því að nota áburð sem _____ (6) fundu upp. _____ (7) markaðsetur vöruna og _____ (8) hannar merki og útlit umbúðanna. Að lokum flytja _____ (9) brauðið í verslanir.

Ein brauðsneið er því árangur af vinnu margra mismunandi starfa. Eru fleiri störf sem koma við sögu?

Verkefni

Mikilvægi starfanna

Hvað gerðist ef vöruflutningabílstjórar legðu niður störf í heilan mánuð? Það hefði gífurleg áhrif á margskonar starfsemi og framboð á vörum. Hugsum fyrst um skort á lífsnauðsynjum og svo um framleiðsluiðnaðinn sem gæti ekki komið vörum sínum á markað og þyrfti því að útvega geymslurými fyrir þær. En hvernig ætti þá að koma vörunum í geymslu?

Meginreglan er sú að starfsmenn í hverri atvinnugrein leggja sitt af mörkum til velferðar samferðamanna sinna á einn eða annan hátt. Hvert starf er mikilvægt og framlag þess ómissandi.

Skráið hér fyrir neðan hugsanlegar afleiðingar sem verkfall sorphirðufólks gæti haft.

Niðurstaða

Tengsl mismunandi starfa

Framlag starfsmanna í öllum starfsgreinum er mikilvægt til að framleiða vörur og veita þjónustu. Hvert starf er því nauðsynlegur þáttur í leit samfélagsins að lausnum á sameiginlegum eða einstaklingsbundnum vandamálum þess.

Framlag hvers vinnandi manns byggir á hæfni og þeirri kunnáttu sem hann hefur aflað sér um tæki, vélar og fleira sem hann notar við vinnu sína.

Öll störf eru mikilvæg því að hvert þeirra leggur sitt af mörkum til að móta umhverfið og leitast við að fullnægja einstaklingsbundnum og sameiginlegum þörfum okkar.

Veldu eitt starfsheiti sem þér finnst áhugavert, eða starf sem fjölskyldumeðlimur starfar við:

Nefndu nokkur starfsheiti sem tengjast þessu tiltekna starfi.

4. HVAÐ ER STARF?



Sagan um eyðiejuna gerði ykkur kleift að skilja á hvaða hátt neyðin kennir einstaklingnum að leysa vandamál. Þá skilduð þið einnig að vinnan er skilgreind sem athæfi þar sem maðurinn breytir umhverfi sínu sér og sínum í hag og kemur þannig til móts við þarfir sínar og annarra samfélagsþegna.

En hvað auðkennir starf og greinir það frá öðrum?

Við lok kaflans verð ég fær um að:
þekkja Töfraformúluna og nota þá aðferð
til að kanna betur heim atvinnulífsins.

Hvaða spurningar gefa okkur gagnlegar upplýsingar?

Spurningar sem notaðar eru til að afla upplýsinga geta verið af tvennum toga:

- Ónákvæmar spurningar
- Nákvæmar spurningar

Ekki er mikið gagn að hinum fyrri en þær síðari leiða okkur beint að markinu.

Dæmi um ónákvæma spurningu væri: „Er þægilegur vinnutími í þessu starfi?“

Hér er spurt ónákvæmrar spurningar, hvað er þægilegur vinnutími? Er það frá kl. 9:00-17:00? Er það kvöldvinna eða jafnvel næturvinna? Það er mismunandi hvaða vinnutími hentar hverjum og einum og því er spurningin ekki nógu skýr.

Til að fá skýrari svör þarf að spyrja nákvæmari spurninga, eins og t.d. „*Hvernig er vinnutímanum í þessu starfi háttað?*“

Þegar við viljum fá upplýsingar um hvað ákveðið starf felur í sér skal ávallt leitast við að hafa spurningarnar eins nákvæmar og auðið er. Nákvæmnin ræðst alltaf af því hver tilgangurinn með spurningunni er, þ.e. þeirri vitneskju sem verið er að leita að.

Verkefni

Leynistarfið

Kennari hefur valið starfsheiti sem nemendur eiga að reyna komast að hvað er. Til að finna hvert leynistarfið er skuluð þið til búa til spurningar sem eru þess eðlis að þær gefa ykkur nógu margar vísbendingar. Hafið í huga það sem þið hafið lært um ónákvæmar og nákvæmar spurningar.

Skráðu spurningar hér á eftir. Ekki skrifa neitt í reitina hægra megin á blaðinu fyrr en að kennari segir til um.


Spurningar	1	2	3

Starfið er: _____

Töfraformúlan: Þrjár grundvallarspurningar

Hugsaðu um þær spurningar sem þú spurðir til þess að komast að „leynistarfinu“. Margar þeirra eru hluti af svo kallaðri Töfraformúlu. Töfraformúlan inniheldur þrjár grundvallarspurningar sem gera okkur kleift að komast að helstu sérkennum hvers starfs og er kerfisbundin aðferð til að kanna hvaða starf sem er. Hver spurning hefur svo tvær hliðar.

1. Hvað er það?	– Eðli starfsins – Vinnuskilyrði
2. Hvers krefst það?	– Persónulegir eiginleikar – Undirbúningur
3. Hvað gefur það af sér?	– Laun – Atvinnuhorfur



Spurning 1: Hvað er það?

Hvað er starfið? Spurningar sem nauðsynlegt er að fá svar við um eðli tiltekins starfs og þau skilyrði sem unnið er við.

Eðli starfsins

Til þess að komast að því um hvers konar starf er að ræða verðum við að kanna eðli þess og vita hvað sá þarf að inna af hendi sem stundar það.

1. Í hverju er starfið fólgið?
2. Hver er tilgangurinn með starfinu?
3. Hverjir eru einstakir þættir starfsins?
4. Hvaða ábyrgð felst í því?
5. Hvernig verður starfinu best lýst?

Hér skoðum við:
Athöfn og verkfæri

Vinnuskilyrðin

Til að vita hvert eðli starfsins er þarf að spyrja um vinnuskilyrði, þ.e. vinnu-umhverfi og almennar vinnuaðstæður.

1. Er þetta útvinna eða innvinna?
2. Er þetta líkamleg vinna?
3. Er umhverfið heilsusamlegt?
4. Er þetta hættuleg vinna?
5. Hvernig er vinnutíminn?
6. Þarf að vinna yfirvinnu?
7. Hefur þessi vinna andleg óþægindi í för með sér (leiðindi, tilbreytingarleysi o.s.frv.)?

Hér skoðum við:
Umhverfi og álag

Spurning 2: Hvers krefst það?

Spurningar sem spyrja skal til að fá vitneskju um þá persónulegu eiginleika og þann undirbúning sem nauðsynlegur er fyrir tiltekið starf.

Persónulegir eiginleikar

Til þess að vita hvers starf krefst af okkur þurfum við að spyrja um þá persónulegu eiginleika sem verða að einkenna þann sem vill stunda starfið.

1. Hvaða áhugamál þarf sá að hafa sem vill stunda þetta starf?
2. Hvaða skapgerðarþættir þurfa að einkenna hann?
3. Hvaða hæfni leiðir til velgengni í þessu starfi?

Hér skoðum við:
Færni og áhuga

Undirbúningur

Sá sem stefnir á að sinna tilteknu starfi þarf að spyrja um nauðsynlegan undirbúning.

1. Þarf að stunda skólanám?
2. Hvaða kröfur má búast við að tilvonandi vinnuveitandi geri?
3. Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda starfið?
4. Er þörf á sérstakri þekkingu fyrir starfið?
5. Hvert getum við leitað til að afla upplýsinga um skóla sem bjóða upp á nauðsynlega starfsþjálfun?
6. Er nauðsynlegt að hafa náð einhverju prófi til að geta sótt um starfið?

Hér skoðum við:
Þekkingu og kunnáttu

Spurning 3: Hvað gefur það af sér?

Spurningar sem spyrja skal til að fá vitneskju um laun og atvinnuhorfur í tilteknu starfi.

Laun

Þegar spurt er um hvað tiltekið starf gefur af sér þarf að spyrja um laun, félagslega stöðu og allan annan ábata.

1. Er mikill munur á launum frá einum vinnuveitanda til annars?
2. Hver eru meðallaun þeirra sem stunda þetta starf?
3. Hvaða félagslegu réttindi fylgja starfinu o.s.frv.?

Hér skoðum við:
Réttindi og stöðu

Atvinnuhorfur

Til að komast að því hvaða tækifæri starf gefur okkur þurfum við að spyrja um atvinnuhorfur. Launin eru ekki allt. Möguleikar á því að ná frama í starfi skipta einnig máli. Framtíðarþróun starfsins og efnahagslegt mikilvægi þess hafa áhrif á atvinnuöryggið. Atvinnuþróun sýnir okkur að mörg störf úreldast.

1. Er möguleiki á að komast áfram í þessu starfi?
2. Er auðvelt að verða sér úti um atvinnu á þessu sviði?
3. Hverjar eru horfur um atvinnu?
4. Er hægt að stunda þessa atvinnu sem sjálfstæður atvinnurekandi o.s.frv.

Hér skoðum við:
Framtíð og útkomu

Verkefni

Þið hafið komist að raun um að þið verðið að spyrja margra spurninga til að komast að öllum eiginleikum tiltekins starfs. Allar þessar upplýsingar byggjast á Töfraformúlunni: *Hvað er það? Hvers krefst það? Hvað gefur það af sér?*

Sumar hliðar starfs vekja meiri áhuga en aðrar. Hvaða hlið starfsins finnst þér mikilvægust? Merktu X í reitina eftir því hvaða hliðar þér finnast mikilvægar og hverjar ekki.

Hvað er það?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Eðli starfsins	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vinnuskilyrði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvers krefst það?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Persónulegir eiginleikar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Undirbúningur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hvað gefur það af sér?	Mikilvægt	Hlutlaus	Ekki mikilvægt
Laun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Atvinnuhorfur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Niðurstaða

Rannsóknarstofa

Nú getur þú haldið áfram að kanna störf. Á næstu blaðsíðum er spurt um:

1. Starf fjölskyldumeðlims eða ættingja.
2. Starf sem vekur áhuga þinn.
3. Starf úr starfalista sem þú veist lítið eða ekkert um.

Aflaðu upplýsinga um hvert starf í gegnum internetið eða munnlega frá þeim sem sinnir starfinu. Skráðu svo niður einkenni hvers starfs. Hafðu til hliðsjónar spurningarnar sem komu fram hér á undan þegar farið var yfir tvær mismunandi hliðar á hverri grundvallarspurningu Töfraformúlunnar.

1. Starfs fjölskyldumeðlims eða ættingja:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:

Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

2. Starf sem vekur áhuga þinn:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:

Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

3. Starf úr starfalista sem þú veist lítið eða ekkert um:

Hvað er það?

Eðli starfsins:

Vinnuskilyrði:

Hvers krefst það?

Persónulegir eiginleikar:


Undirbúningur:

Hvað gefur það af sér?

Laun:

Atvinnuhorfur:

5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU



Þegar þið settuð ykkur í spor skipbrotsmanna á eyðieyju urðuð þið þess vísari að í samfélaginu þarf að sinna þörfum einstaklinga og hópa. Þessar þarfir hafa alltaf verið fyrir hendi.

Í dag er jafn nauðsynlegt og forðum að skapa nýtsama hluti, t.d. að búa til betri verkfæri til að vinna sífellt flóknari verk. Á okkar tímum er svo komið að sú verkunnátta og þekking sem nauðsynleg er til að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélags er orðin það yfirgripsmikil að leita verður til fólks í fjölmörgum störfum til að sinna þörfum og leysa vandamál. Samfélag nútímans er orðið svo flókið að skapast hefur þörf fyrir mörg þúsund aðgreind störf og sífellt bætast við ný starfsheiti og segir það sína sögu um hraða þessarar þróunar.

Við lok kaflans verð ég fær um að:
þekkja mismunandi starfssvið og gera grein fyrir
heildarskilningi mínum á atvinnulífinu.

Nemendablað

Verkefni

Mismunandi þarfir – mismunandi störf

Ævintýrið á eyðieyjunni skýrir fyrir okkur hvernig samfélagsþarfir skapa vanda sem sérhæfð störf geta leyst. Þekking og kunnátta þeirra sem stunda sérhæfð störf getur nýst til að sinna þörfum og einnig leysa mörg vandamál sem blasa við einstaklingum og hópum.

Hafðu söguna af eyðieyjunni í huga og skráðu niður 1–2 störf sem eiga við tiltekið starfssvið atvinnulífsins. Hvaða störf þurfa að vera til á eyjunni til þess að samfélagið þar geti lifað og dafnað?

Fyrsta þörfin: nýting landgæða til lífsviðurværis

Ýmsar nýtanlegar auðlindir má finna í kringum okkur, t.d. fisk, ræktunarland, jarðhita, gróður, málma, drykkjarvatn, dýralíf o.s.frv.

Í samfélagi okkar vinna þeir sem fást við að uppfylla þessar þarfir störf sem tilheyra einu af sex stórum atvinnugreinum eða starfssviðum:

Starfssvið	Störf
1. Náttúruauðlindir	
2. Umhverfi	
3. Landbúnaður	
4. Námavinna	
5. Skógrækt	
6. Veiðar	

Önnur þörfin: úrvinnsla hráefnis sem finnst á eyjunni

Þessi vinnsla gerir landnemunum kleift að nærast, koma yfir sig þaki og búa til verkfæri og vélar sem þeir hafa þörf fyrir.

Úrvinnsla á hráefni snertir fjögur stór svið atvinnulífsins:

Starfssvið	Störf
1. Matvælaframleiðsla	
a. Mjólkurvöruframleiðsla	
b. Fiskvinnsla	
c. Kjötvinnsla	
2. Húsbyggingar	
3. Hönnun húsa og bæjarskipulag	
4. Iðnframleiðsla	
a. Breyting á málmum	
b. Vélaframleiðsla	
c. Framleiðsla og viðgerðir á vélabúnaði	
d. Framleiðsla og viðgerðir á raf- og rafeindabúnaði	
e. Örtækni og sjálfvirk framleiðsla	
f. Efnaiðnaður (plast, pappír, lyf, olíuvinnsla o.s.frv.)	
g. Húsgagnaframleiðsla	
h. Framleiðsla á vefnaðarvörum, leðri og fatnaði	

Priðja þörfin: skipulag samfélagsins á sviði stjórn mála og öryggismála

Þegar einstaklingar búa saman verður að skipuleggja líf þeirra þannig að þeir geti búið í sátt og samlyndi. Því þurfum við stjórnvöld, stjórnkerfi og opinbera þjónustu til að samfélagið geti starfað eðlilega.

Gæta þarf réttlætis og einnig þarf að sjá til þess að röð og regla ríki. Við viljum einnig verja landsvæði okkar og landhelgi og vernda eigur samfélagsins.

Í atvinnulífinu svarar þetta til sex umfangsmikilla starfssviða:

Starfssvið	Störf
1. Stjórnvöld	
2. Stjórnkerfi	
3. Landvarnir og öryggismál	
4. Lög og regla	
5. Opinber þjónusta	
6. Réttargæsla	

Fjórtða þörfin: hagræn og félagsleg skipan samfélagsins

Tryggja verður að viðskipti með vörur og þjónustu milli einstaklings og samfélags fari fram með eðlilegum hætti og öllum í hag.

Þegar samfélög verða flóknari félagslega og viðskiptalega skapast þörf fyrir ýmiss konar ráðgjöf og þjónustu á þessu sviði.

Í samfélagi okkar svara þessi verkefni til fimm umfangsmikilla starfssviða:

Starfssvið	Störf
1. Hagfræði og fjármál	
2. Fjármálaþjónusta (bankar, tryggingar, kauphallarviðskipti)	
3. Verslun, dreifing og sala	
4. Rekstur og bókhald	
5. Félagsleg þjónusta	

Fimmta þörfin: aðhlygning íbúa og heilsuvernd

Ekki þýðir að hugsa aðeins um efnisleg gæði. Því þarf að bjóða fram þjónustu til að reyna að leysa vandamál á borð við sjúkdóma, óþrifnað o.s.frv.

Fimm starfssvið sinna þessu markmiði:

Starfssvið	Störf
1. Heilbrigði	
2. Snyrting	
3. Hollustu- og vinnuvernd	
4. Gisti- og veitingaþjónusta	
5. Frístundir og íþróttir	

Sjötta þörfin: sköpun og varðveisla menningarverðmæta

Það er merkilegt að hugsa til þess að jafnvel frummaðurinn lét eftir sig höggmyndir og skreytingar þar sem hann bjó.

Margir búa yfir þörf fyrir sköpun, menningu og tómstundaiðkanir. Til að flytja þekkingu sína og kunnáttu milli kynslóða stofnaði maðurinn skóla og kom á skólakerfi með því markmiði að hver manneskja gæti öðlast menntun og hlutdeild í menningunni.

Starfssvið	Störf
1. Tónlist	
2. Bókmenntir	
3. Myndlist	
4. Hugvísindi	
5. Menntun og kennsla	
6. Fréttalutningur og gagnaöflun	

Sjöunda þörfin: að eiga samskipti við aðra

Þar sem hér er fjallað um landnema á eyðieyju er ekkert óeðlilegt við það að þeir vilji snúa aftur til meginlandsins og hitta annað fólk. Engu samfélagi nægir að lifa einangrað.

Allir leita samskipta við annað fólk, vilja halda sambandi og tilheyra öðrum.

Þetta kemur fram í fjórum stórum starfssviðum.

Starfssvið	Störf
1. Samgöngur og flutningar	
2. Fjarskipti	
3. Ferðaþjónusta	
4. Auglýsingar	

Niðurstaða

Skilningur minn á atvinnulífinu

Nú höfum við farið um víðan völl í könnun okkar á atvinnulífinu.

Hvaða viðfangsefni eða verkefni fannst þér áhugaverðast og af hverju?

MARGT ER UM AÐ VELJA



Ferðalagið framundan

Annar hluti

Verkefnablöð

Berglind Helga Sigurþórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur annars hluta

Ferðalagið sem þið hófuð í síðasta hefti heldur áfram. Þá beindist athyglin að störfum í atvinnulífinu og því hvernig hægt er að afla sér þekkingar um þau. Þar voruð þið hvött til að kanna störf sem vekja áhuga ykkar.

Í þessu hefti, *Ferðalagið framundan*, beinist athyglin að því ferðalagi sem þið eruð að fara í um skólakerfi og atvinnulíf og hvort og hvernig þið eruð í stakk búin til að fara í slíkt ferðalag. Þið skoðið gildin ykkar, eða það sem ykkur finnst eftirsóknarvert í lífinu. Gildi ykkar setja stefnu á markmið sem þið viljið vinna að í störfum.

Þið skoðið líka hugsanlegar hindranir sem geta orðið í vegi ykkar og hvað hægt er að gera til að yfirstíga þær. Um 20% nemenda hætta námi í framhaldsskóla. Í þessu hefti fáði þið tækifæri til að skoða hvað veldur brotthvarfi. Sumir hafa valið að sinna öðrum verkefnum, t.d. starfi. Aðrir hafa þurft að hverfa frá námi vegna þess að þeim hefur reynst erfitt að yfirstíga örðugleika í námi sínu. Hér skoðið þið ykkar stöðu og hvað þið getið gert til að komast hjá uppgjöf á skólagöngunni.

Störfum í atvinnulífinu fjölgar og önnur leggjast af. Seinna í námsefninu þið tækifæri til að kanna margs konar störf og sérstaklega starf sem vekur áhuga ykkar.

Góða ferð!

6. FERÐALAG



Í þessari æfingu þarf að komast að því hvaða gildi skipta viðskiptavini á ferðaskrifstofu mestu máli. Dæmi um gildi gæti til dæmis verið sparsemi. Sumir vilja fá mikið fyrir lítið á meðan aðrir leita ævintýra, hvað sem það kostar. Hvað af eftirtöldum gildum telur þú að eigi viðskiptavini ferðaskrifstofunnar?

Ánægja
Sparsemi

Fegurð
Þekkingarþrá

Félagslyndi
Ævintýraþrá

Frelsi
Öryggi

?

„Ég vil fara í skipulagða hópferð með fólki á mínum aldri. Ég vil ekki þurfa að hafa áhyggjur af neinu og ekki hugsa um hvar ég ætla að gista eða hvað ég eigi að borða. Ég vil líka eiga kost á vel skipulögðum kvöldskemmtunum.“

Ragnar: _____

„Mér finnst að á ferðalögum eigi maður að kynnast stöðum sem eru ólíkir daglegu umhverfi. Ég vil að ferðalagið opni augu mín fyrir þáttum í mannlífi og menningu sem ég þekkti ekki fyrir. Áttu til upplýsingar um Alaska, Nepal eða Amasonsævæðið?“

Sólveig: _____

„Ég gæti ekki hugsað mér að fara í skipulagða hópferð. Ég vil fyrst og fremst gera það sem ég hef áhuga á, stoppa þar sem mig langar til, borða þegar ég er svöng og vera lengur á stöðum sem mig langar til að skoða betur.“

Valdís: _____

„Ég gæti auðveldlega búið í Vínarborg eða Róm. Þetta eru svo fallegar borgir. Þar eru svo fallegir garðar og byggingar, að ég tali nú ekki um þessi fallegu torg sem þar er að finna. Þá hafa söfnin í báðum þessum borgum stórkostleg listaverk að geyma.“

Einar: _____

„Ég vil fá eitthvað fyrir peningana mína. Áttu farmiða á tilboði? Er einhver tími sem er hagstæðara að ferðast á en yfir háanna-tímanna?“

María: _____

„Ég hef áhuga á að kynnast fólki í framandi löndum. Ég vil kynnast lífnaðarháttum þeirra og deila með því gleði og sorgum. Þannig kemst ég í samband við fólk sjálft.“

Jóhanna: _____

„Mig langar til Grikklands eða Egyptalands með góðum leiðsögumanni. Ég vil fræðast vel um þá staði sem ég heimsæki.“

Maríus: _____

Ég _____

„Það sem skiptir mig máli er að ég skemmti mér vel. Ég vil njóta strandlífs og sólbaða og það væri frábært að komast á tónlistarhátíð. Ég vil líka borða góðan mat

Magnús: _____

Ég kys fyrst og fremst: _____

7. GILDI HVERS OG EINS



Hvað finnst þér?

Hvers vegna finnst þér það?

Oft hefur þú ekki hugmynd um hvers vegna þér líkar vel við manneskju sem verður á vegi þínum. Skoðanir okkar byggjast oft á ómeðvituðum hugsunum sem gefa til kynna hvað er mikilvægt í huga hvers og eins og hvað ekki.

Hvað er það sem þér finnst eftirsóknarvert í fari annarra? Þessi skoðun þín á fólki mótast af þínum gildum. Persónuleg gildi gefa til kynna hvað skiptir mestu máli í lífi hvers og eins. Þessi gildi gætu til dæmis verið húmor, alvara, viljastyrkur, ímyndunarafli, gjafmildi, umhyggjusemi eða eitthvað allt annað.

Verkefni

Hugsaðu um manneskjur eða sögupersónur sem þú þekkir til og hvaða eiginleika þú kannt best að meta í fari þeirra. Skráðu þá hér.

1. Mér finnst (nafn) _____ svo (gildi) _____
af því að _____
2. Mér finnst (nafn) _____ svo (gildi) _____
af því að _____
3. Mér finnst (nafn) _____ svo (gildi) _____
af því að _____

Til umhugsunar

Hvað segir þessi lýsing
um þig sjálfa/n?

Það er mikilvægt að við áttum okkur á eigin gildum.
Þannig komum við til með að átta okkur betur á þeim markmiðum
sem við setjum okkur að loknu grunnskólanámi.

Heimaverkefni

Gildi eru viðmið eða leiðarvísir varðandi hvernig við hugsum og hegðum okkur. Þau eru grunnur að skoðanakerfi okkar og hvaða afstöðu við tökum bæði varðandi okkur sjálf og til annara. Gildi hjálpa okkur að meta hvað okkur finnst verðugast að stefna að í lífinu.

Hver eru þín gildi og hvar liggur þinn áhugi?

Markmiðið er að þú hugsir um hver þín gildi eru og hvað þér finnst gaman að gera. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi um gildi og áhugasvið, þú getur fundið orð úr listanum eða önnur dæmi sem þér finnst lýsa þínum gildum og áhuga.

Áhugasvið getur tengst gildum, t.d. „*eitt af mínum gildum er umburðarlyndi af því mér finnst gaman að vera í samskiptum við fólk með mismunandi menningarbakgrunn*“

Dæmi um gildi			Dæmi um áhuga
Góðmennska	Völd	Þekking	Hjálpa fólki
Virðing	Kurteis	Auðmýkt	Leysa vandamál
Peningar	Seigla	Jafnrétti	Hreyfing
Hjálpsemi	Umburðarlyndi	Ást	Fást við tækni
Réttlæti	Hugrekki	Heiðarleiki	Finna upp
Áreiðanleiki	Ábyrgð	Forysta	nýjungar
Fjölskylda	Samvinna	Vöxtur	Samskipti við fólk
Einfaldleiki	Heiðarleiki	Þakklæti	Vera skapandi
Fyrirgefning	Jákvæðni	Öryggi	Vera úti í
		Árangur	náttúrunni
			Leikir

Hvað finnst þér eiga best við þig? Fylltu í eyðurnar:

Eitt af mínum gildum/áhuga er _____ af því að _____

Eitt af mínum gildum/áhuga er _____ af því að _____

Eitt af mínum gildum/áhuga er _____ af því að _____

8. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI



Að flosna upp úr skóla

Margir grunnskólanemendur, hefja nám í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi. Brotthvarf úr framhaldsskólum er þó nokkuð hátt á Íslandi miðað við nágrannalönd, og margir af þeim nemendum hafa enn ekki lokið námi tveimur árum eftir skilgreindan námstíma. Það að flosna úr skóla þarf ekki endilega að vera neikvætt og stundum eru fyrir því góðar og gildar ástæður. Samt sem áður hefur það að hætta námi ákveðnar afleiðingar í för með sér. Hér á eftir ætlum við að velta fyrir okkur nokkrum orsökum og afleiðingum þess að nemendur hætta í skóla.

Orsakir brotthvarfs

Erfiðleikar í umhverfinu

- Fá ekki næði til að sinna heimanáminu.
- Viðhorf og stuðningur.

Hamlandi vandamál

- Líkamleg veikindi eða slys.
- Andleg vanlíðan eða veikindi.
- Þungun.
- Fjarvera annars foreldris eða beggja.
- Eiturlyfjaneysla.

Fjarvistir

- Skróp.
- Veikindi.

Vanræksla í skóla

- Heimanámi ekki sinnt.
- Uppgjöf í vissum fögum.
- Áhrif frá bekkjarfélögum.
- Lítil stuðningur foreldra.
- Vantraust á sjálfum sér.

Metnaðarleysi

- Setja markið í náminu ekki hátt.
- Lítið sjálfstraust.
- Vonleysi um framtíðina.

Peningaleysi

- Þurfa að sjá fyrir sér.
- Þurfa að vinna mikið með skólanum.

Áhugaleysi

- Finnst skólinn tímaeyðsla.
- Hafa ekki hug á að bæta við þekkingu sína.

Neikvætt hugarfar í garð skólans

- Ráðast gegn stjórnendum.
- Finnst kennarinn ekki skilja sig.
- Námsleiði.

Hugsanlegar afleiðingar brotthvarfs

Að hafa það á tilfinningunni að geta ekki lært

Þeir sem hætta í námi vegna námsörðugleika eiga oft í erfiðleikum með að losna við þessa tilfinningu þrátt fyrir að ástæðan fyrir námserfiðleikum sé yfirleitt önnur en skortur á hæfileikum.

Hugsanlegt atvinnuleysi

Samkeppni um atvinnu er mjög mikil. Menntun eykur líkurnar á því að þú getir sóst eftir starfi sem þú hefur áhuga á eða þér finnst eftirsóknarvert.

Erfiðar aðstæður í lífinu

Flestir lenda í erfiðum aðstæðum einhvern tímann á lífsleiðinni. Þá er best að líta á það sem hindrun sem hægt er að yfirstíga. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Flótti er oftast engin lausn.

9. BROTTVARFSHÆTTA



ERT ÞÚ Í HÆTTU?

Að hverfa frá námi gerist ekki í einni svipan. Það má líkja þessu við köngulóna sem vefur vef sinn af miklu þolgæði. Í fyrstu er vefur hennar nær ósýnilegur nema að leitað sé eftir honum. Það er eins með fyrstu einkenni brotthvarfs. Staða nemandans getur versnað án þess að nokkur taki eftir. Síðan kemur að því að möguleikar á námi eða starfi að loknu grunnskólanámi eru færri en reiknað var með. Það getur jafnvel verið að enginn valkostur þyki álitlegur.


Getur verið að þú sért í brotthvarfshættu án þess að hafa tekið eftir því? Hér gefst tækifæri til að leggja mat á það.

Verkefni 1


Merktu á hringina á meðfylgjandi mynd þann stað sem þér finnst að lýsi best þinni stöðu hvað varðar hvert atriði. Tengdu síðan punktana saman. Þræðirnir mynda þannig köngulóarvef.

Á næstu blaðsíðu má skoða samanburðarmyndir.


Til að rifja upp flokkana þá má skoða dæmi í kaflanum á undan, 8. *AÐ HELLAST ÚR LESTINNI.*



Samanburðarmyndir



Vefur X = Litlar líkur á brotthvarfi úr skóla.



Vefur Z = Miklar líkur á brotthvarfi úr skóla.

Dæmin X og Z eru tilbúin dæmi en það má draga af þeim eftirfarandi ályktanir:

1. Því víðari sem vefurinn þinn er, því hættara er þér við brotthvarfi úr skóla.
2. Því minni sem vefurinn er því meiri líkur eru á að þú haldir skólagöngu áfram.

Hver er sinna gæfu smiður

Hugum nú að því sem hver og einn getur gert til að styrkja sjálfan sig ef eitthvað af þessum brotthvarfshættueinkennum á við hann. Hvernig er hægt að draga úr afleiðingum þessara áhrifaþátta?

Við ráðum ekki þeim aðstæðum sem við búum við hverju sinni, en við ráðum því hvernig við bregðumst við þessum aðstæðum. Sumar aðstæður hafa örvað okkur til dáða, en aðrar höfum við ekki ráðið við.

Reynsla okkar af umhverfinu og okkur sjálfum getur verið jákvæð og hún getur verið neikvæð. Stundum ráða ytri aðstæður á hvorn veginn hallar. Stundum ráðum við sjálf.

Stjórna erfðir eða uppeldi algjörlega ferðinni? Hver eru áhrif umhverfis okkar, atburða eða fólks sem við höfum hitt? Er hægt að hafa tök á sínum málum sjálfur?

Mikilvægt er að geta borið kennsl á þau áhrif sem við getum sjálf haft á þær aðstæður sem við búum við hverju sinni.

Tökum dæmi af slæmri einkunn í stærðfræði:

Lág einkunn var prófinu að kenna, kennaranum eða öðrum utanaðkomandi þáttum. Þá er um áhrifavald að ræða sem við höfum ekki stjórn á.

Stjórnun umhverfis (U)

Slæm einkunn kemur vegna þess að minn undirbúningur var ekki nægilega góður. Í því tilviki er einkunn á prófi undir manni sjálfum komin.

Sjálfsstjórn (S)

Verkefni 2

Skoðið eftirfarandi fullyrðingar og takið afstöðu til þess hvort þar sé lýst sjálfstjórn (S) eða stjórnun umhverfis (U).

Dæmi	S	U
„Maður velur sér ekki vini, heldur velja vinirnir mann“, segir Helga		
Guðrún segist ætla í MH eftir 10. bekk af því að Sigrún vinkona hennar ætlar í MH.		
„Jafnvel þó að klukkan sé ekki orðin margt þá held ég að tími sé kominn til að ég fari heim. Ég get engu bætt við og auk þess er ég orðin þreytt. Sjáumst á morgun,“		
Pétur hefur loksins komið Gísla í skilning um að hann eigi að senda boltann á sig oftar. Vanalega reiðist Gísli mjög auðveldlega, en ekki í þetta sinn. Hann tók athugasemd Péturs vel.		
„Það er ekki mér að kenna þó að verkefnið sé ekki vel gert. Vinur minn sagði að ég ætti að gera það svona. Ég hlustaði á hann því hann hefur oftast rétt fyrir sér“, segir Smári		
Anna á erfitt með að einbeita sér að heimanáminu. Hún fær lítinn frið til að læra heima hjá sér og fer því stundum heim til vinkonu eftir skóla og þær læra saman. Einnig fer hún stundum á bókasafn og lærir þar.		
Jón er sestur fyrir framan sjónvarpið og situr þar allt kvöldið. Hann kvartar undan því að sjónvarpsefnið sé leiðinlegt. Samt sem áður hefur hann setið í þrjá tíma fyrir framan sjónvarpið.		

Heimaverkefni

Kíktu nú á köngulóavefinn þinn sem þú gerðir í upphafi kaflans og merktu hér fyrir neðan 2-3 þætti sem eru yst í vefnum þínum.

Hugaðu að því hvaða þú getur gert til að styrkja sjálfan þig út frá þessum þáttum, með stjórnun umhverfis (U) og sjálfstjórn (S) í huga. Hvernig getur þú dregið úr afleiðingum þessara áhrifaþátta?

Dæmi

Þáttur: Fjarvistir. **Orsakir:** ég á erfitt með að vakna á morgnanna og skrópa stundum í fyrsta tíma. **Lausnir:** sofna fyrir á kvöldin og/eða nota auka vekjaraklukkan.

Þáttur	Orsakir	Lausnir

MARGT ER UM AÐ VELJA



Aðdráttarafl starfanna

Þriðji hluti

Verkefnablöð

Berglind Helga Sigurþórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur þriðja hluta

Í síðasta hefti voruð þið að skoða að margt getur haft áhrif á hvernig ferðalagið gengur um skóla og atvinnulíf. Slík vandamál má flokka til að átta sig betur á stefnunni. Eins má flokka gildin okkar og athuga hvernig þau tengjast starfsáhuga. Í þessum hluta um aðdráttarafl starfanna eruð þið að máta eigið líf inn í alls kyns sviðsmyndir í námi og starfi. Þið veljið ykkur störf sem ykkur finnast áhugaverð eða viljið skoða nánar og íhugið einnig hvað ykkur finnst skipta mestu máli að fást við í starfi og forgangsraðið starfsgildum ykkar. Þá eruð þið hvött til að beita sköpunargáfunni í að skoða störf sem þið kannski höfðuð ekki hugsað um áður, eins og t.d. störf sem ekki eru hefðbundin fyrir ykkar kyn.

Íslensk rannsókn um hugmyndir ungs fólks um störf sýndi að karlar horfa fyrst og fremst á tekjumöguleika í störfum sem þeim finnast áhugaverð, en konur horfa á virðingu. Teljið þið að þetta geti skýrt kynjamun í starfsvali? Eða krefjast sum störf eiginleika sem einungis konur búa yfir? Er ekki um að gera að setja spurningamerki við stýrandi hugmyndir um það sem körlum er eiginlegt að starfa við? Og konum?

Góða ferð!

10. LEITAÐ – FUNDIÐ



Hvaða störf hefur þú áhuga á að kanna?

Flestir hafa einhvern tímann velt fyrir sér hvað þeir muni starfa við þegar fram líða stundir. Sumir hafa snemma fastmótaðar hugmyndir um framtíðarstarfið en aðrir eru ekki eins vissir í sinni sök. Ein stærsta ákvörðunin í lífi okkar snýr að starfsvali og því er mikilvægt að sú ákvörðun sé tekin eftir vandlega umhugsun. Ein besta leiðin til að komast að raun um hvað maður vill gera er að kanna sjálfur þá möguleika sem eru í boði.

Verkefni

Í þessari æfingu skal skoða starfsheitasrá sem finna má fremst í verkefnabókinni. Skoðuðu nú vel þau störf sem þar eru nefnd og veltu fyrir þér hver þeirra þú hefur áhuga á að kanna frekar. Alltaf þegar þú rekst á eitthvað áhugavert skaltu hafa í huga Töfraformúluna sem þú lærðir í fyrsta hluta námsefnisins **hvað er starfið, hvers það krefst og hvað það gefur af sér**. Mikilvægt er að þú vinnir verkefnið sjálfstætt og með opnum huga. Farðu eigin leiðir og útilokaðu ekki einhver störf vegna fordóma eða hræðslu við hvað öðrum gæti fundist. **Skráðu a.m.k. tíu störf sem höfðu til þín á línurnar hér að neðan.**

Til umhugsunar

Hvaða störf hafðirðu hugleitt áður og hvaða starfshugmyndir eru alveg nýjar fyrir þér?

Eiga þau störf sem þú hefur mestan áhuga á eitthvað sameiginlegt?

Heimaverkefni

Farðu á internetið og leitaðu upplýsinga um fimm þeirra starfa sem þig langar að vita meira um. Gott er að styðjast við Töfraformúluna.

11. KYNBUNDINN VINNUMARKAÐUR



Diljá Oddsdóttir, forsætisráðherra, stígur út úr ráðherrabílnum. Undir stýri situr Steinunn J. Sigfúsdóttir einkabílstjóri hennar. Diljá gengur inn í Alþingishúsið þar sem Arnar Pálsson, aðstoðarmaður hennar, heilsar þeim glaðlega. Halldór Ásgeirsson, ræstitæknir er rétt í þann mund að ganga frá skúringafötunum. Í vændum er mikilvægur alþjóðafundur um jafnrétti kynjanna. Um tuttugu lögreglukonur standa vörð um Alþingishúsið.

Kemur eitthvað í þessari frásögn á óvart?

Verkefni

Flokkaðu störfin eftir því sem þér finnst eiga best við. Berðu þína flokkun saman við aðra í hópnum. Hvað er líkt? Hvað er ólíkt?

	Karlastarf	Kvennastarf	Listrænt	Skrifstofu- starf	Umönnun	Verklegt	Vísindalegt	Þjónusta
Bifvélavirki								
Hársnyrtir								
Pípari								
Leikskólakennari								
Garðyrkjufræðingur								
Jarðfræðingur								
Læknir								
Efnafræðingur								
Fatahönnuður								
Ljósmyndari								
Píanóleikari								
Arkitekt								
Kennari								
Rafvirki								
Deildarstjóri í verslun								
Forritari								
Bankastjóri								
Bakari								
Næringarfræðingur								
Lögfræðingur								
Sölumaður á bílasölu								
Hjúkrunarfræðingur								
Tölvunarfræðingur								

Hvaða störf var hópurinn helst sammála um? En ósammála?



Nemendablað

12. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN



Verkefni 1

Hugsaðu um starf sem telst almennt til hefðbundins karla- eða kvennastarfs.

Starfið sem ég hef í huga er:

Hvers krefst starfið? _____

Hvað er það við starfið sem þú telur vera karlalegt/kvenlegt? _____

Gætir þú hugsað þér að vinna við þetta starf? _____

Verkefni 2

Aflaðu upplýsinga um starfið sem þú varst að hugsa um. Kannaðu starfið. Notaðu internetið eða taktu viðtal við einhvern sem vinnur við þetta tiltekna starf.

Hafðu eftirfarandi spurningar Töfraformúlunnar til hliðsjónar þegar þú kannar starfið.

Eðli starfsins

- Í hverju er starfið fólgið?
- Hver er tilgangur með starfinu?
- Hvernig er starfinu best lýst?

Vinnuskilyrði

- Útvinna?
- Innvinna?
- Líkamleg vinna?
- Hættuleg vinna?

Hvers krefst starfið?

- Hvaða áhugamál þarf sá að hafa sem vill stunda þetta starf?
- Hvaða hæfni leiðir til velgengni í þessu starfi?

Undirbúningur

- Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda þetta starf?
- Er nauðsynlegt að hafa náð prófum til að geta stundað starfið?

Hvað gefur starfið af sér?

- Hver eru meðallaun þeirra sem stunda starfið?
- Er auðvelt að verða sér úti um atvinnu á þessu sviði?

Gætir þú eftir þessa athugun hugsað þér að vinna við þetta starf?

Hvað kom helst á óvart við könnun á starfinu?

Ertu enn sömu skoðunar eftir að hafa kannað starfið?


Hvað fannst þér vera merkilegast við starfið?

13. AÐ VERA FRUMLEGUR



Verkefni

Ljúktu við þessa teikningu.



Nemendablað

Að vera frumlegur

Foreldrar þínir og vinir, kennarar og aðrir í umhverfi þínu hafa sitt að segja um atburði líðandi stundar og móta með einum eða öðrum hætti skilning þinn á ýmsum málefnum. Þetta gera þeir á grundvelli eigin reynslu og þekkingar. Það er okkur nauðsynlegt að læra af reynslu annarra og mikilvægt að þekkingu eldri kynslóðar sé miðlað til þeirra yngri.

En samt sem áður þarf hver og einn að móta sér skoðanir og hugmyndir á grundvelli eigin reynslu og þekkingar. Það er hyggilegt að hlusta á skoðanir annarra, en mestu máli skiptir að mynda sér sjálfstæða skoðun.

Stundum finnst okkur auðveldast að gera það sem aðrir gera og halda fram skoðunum annarra. Þó að þetta geti stundum verið auðvelt, þá er kannski ekki þar með sagt að þessar skoðanir séu í samræmi við það sem okkur finnst í raun og veru.

Hefur þú myndað þér sjálfstæðar skoðanir á málefnum í umhverfinu þínu?

Þorir þú að halda skoðunum þínum fram þegar þær stangast á við skoðanir annarra?

Að þora að vera frumlegur

Sá sem fer ótroðnar slóðir þorir að kanna hið óþekkt. Hann tekur áhættu og kemst að því um leið að það er hægt að taka öðruvísi á málum en hann hefur gert hingað til. Það verður til þess að hann endurskoðar hugmyndir sínar. Þannig kemst hann oft á slóðir upplýsinga og hugmynda sem hann vissi ekki áður af. Þessi leit hans gerir honum mögulegt að finna lausnir sem eru frumlegar og persónulegar.

Að þora að vera frumlegur er oft að þora að gera eitthvað annað en það sem liggur beinast við.

Sá sem þorir að bregða frá hinu hefðbundna fylgir eigin sannfæringu og lætur ekki undan þrýstingi frá umhverfinu sem miðar af því að steypa alla í sama mót.

Sá sem þorir að vera frumlegur hverfur ekki í fjöldann og hefur sjálfur mótandi áhrif á eigið líf.

Frumleiki felst í að skera sig úr frá hinu almenna, að sjá það sem aðrir sjá ekki og að sjá hlutina í nýju ljósi.

Núna gefst þér tækifæri til að gera myndina aftur og hafðu þá að leiðarljósi að gera frumlega mynd.

Að kanna störf með frumlegum hætti

Það getur verið mjög mikils virði að rækta með sér þann hæfileika að þora að taka aðra afstöðu en gengur og gerist í okkar nánasta umhverfi. Þetta er einkum mikilvægt þegar við erum að búa okkur undir að taka ákvörðun um nám og störf.

Ekki nægir að við höfum augastað á ákveðnu námi eða starfi, við verðum líka að hafa kjark til að fylgja þeirri skoðun eftir, jafnvel þótt hún sé í andstöðu við okkar nánasta umhverfi.

Þegar störf eru könnuð getur komið að góðum notum að vera frumlegur því þannig getur þú uppgötvað nýjar starfsgreinar eða séð áður óþekktar hliðar á störfum og starfsgreinum sem þú þekkir.

14. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI



Skoðaðu þessa töflu. Kannski hjálpar hún þér við að átta þig á þeim markmiðum sem þú vilt stefna að.

Verkefni


Skráðu hversu mikilvægt þú telur hvert þessara gilda vera.

Skiptir það mig máli?	Skiptir ekki máli	Skiptir litlu máli	Skiptir allnokkru máli	Skiptir miklu máli	Skiptir mjög miklu máli
1. Að hjálpa. Ég kýs starf þar sem ég get aðstoðað aðra.					
2. Árangur. Ég kýs starf þar sem ég get unnið mig upp.					
3. Sköpun. Ég kýs skapandi starf sem gefur möguleika á að skapa nýja hluti eða hugmyndir.					
4. Fjölbreytni. Ég kýs starf sem gefur tækifæri til þess að fást við fjölbreytt verkefni.					
5. Líkamlegt hreysti. Ég kýs starf sem krefst hreyfingar og/eða starf þar sem ég get verið utandyra.					
6. Laun. Ég kýs starf sem gefur góðar tekjur og veitir margs konar efnisleg gæði.					
7. Samvinna. Ég kýs starf sem veitir tækifæri til samstarfs við annað fólk.					
8. Sjálfstæði. Ég kýs starf sem krefst sjálfstæðis og veitir tækifæri til að vinna eftir eigin hugmyndum.					
9. Starfsþróun. Ég kýs starf gefur möguleika á að vaxa og þroskast að verðleikum.					
10. Starfsöryggi. Ég kýs starf þar sem ég er örugg/ur og hef fastar tekjur.					
11. Stjórnun. Ég kýs starf þar sem tækifæri gefst til þess að taka stjórn og sjá til þess að aðgerðir séu vel áætlaðar og útfærðar.					
12. Virðing. Ég kýs starf sem er líklegt til að afla virðingar og vekja aðdáun annarra.					
13. Vitsmunaleg örvun. Ég kýs starf sem krefst lausna á margvíslegum verkefnum, fræðslu og umhugsunar.					
14. Reglulegur vinnutími. Ég kýs starf þar sem ég er með fastan dagvinnutíma og ekki mikinn breytileika.					
15. Annað gildi					

Nemendablað

Finndu þau fjögur starfsgildi sem þér finnst mikilvægust og forgangsraðaðu þeim.

A	B
C	D



MARGT ER UM AÐ VELJA



Markmið og starfsval

Fjórði hluti

Verkefnablöð

Berglind Helga Sigurþórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

Inngangur fjórða hluta

Þið voruð að skoða aðdráttarafl starfanna í síðasta hefti, hvernig við löðumst að ákveðnum störfum og lokum augunum fyrir öðrum. Í þessu hefti um *Markmið og starfsval* lærir þú aðferðir sem nota má þegar staðið er frammi fyrir starfsvali. Þetta eru aðferðir við markmiðssetningu og við að leggja mat á hugmyndir um starfsval út frá grunngildum. Þessar aðferðir getið þið svo notað áfram á ferðinni um skóla og atvinnulíf. Í tengslum við þetta eruð þið að skoða ýmislegt í eigin fari og hvernig það getur haft áhrif á vegferð ykkar. Þið kannið hvort þið takið sjálfstætt ákvarðanir eða ekki og eins skoðið þið hvernig markmiðin breytast út frá aðstæðum viðkomandi. Að lokum gerið þið lokaverkefni það sem þið takið saman áhugaverð viðfangsefni úr námsefninu.

Gangi ykkur vel!

15. ÁHUGAVERÐ STÖRF



Verkefni

1. Skrifaðu hér fyrir neðan þau fimm störf sem þér finnst hvað áhugaverðust, t.d. störf sem þú valdir í kafla 10. *LEITAÐ – FUNDIÐ*. Skráðu einnig, í forgangsröð, grundvallargildi þín úr kafla 14. *ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI*.

	Margfeldi	Starf 1		Starf 2		Starf 3		Starf 4		Starf 5	
		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
Grundvallargildi		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
A.	x8										
B.	x6										
C.	x4										
D.	x2										
Samtals í Y reit											

2. Nú þarftu að gefa hverju gildi stig frá 0 og upp í 4 eftir því hve vel þú telur það samræmast hverju starfi. Skráðu stigin í X reitinn. Byrjaðu á því að gefa gildi A stig og skráðu þau í X reitinn og svo koll af kalli. Í töflunni hér að neðan sérðu hvað stigagjöfin merkir.

Það samræmist starfinu fullkomlega	4 stig
Það samræmist starfinu vel	3 stig
Það samræmist starfinu í meðallagi vel	2 stig
Það samræmist starfinu lítið	1 stig
Það samræmist starfinu alls ekki	0 stig

3. Það gildi sem þú setur í forgang ætti að vega þyngra en þau gildi sem þú metur að hafi ekki eins mikið vægi. Því hefur gildinu A verið gefið vægið 8 en gildinu D vægið 2. Nú átt þú að margfalda veginn stigafjölda með stiginum í X reitnum og skrá útkomuna í reit Y.
4. Ef þú leggur nú saman stigin í hverri súlu merktri Y þá færðu heildarútkomu sem sýnir hve mikið vægi hvert starf hefur í huga þínum. Skrifaðu hér fyrir neðan þau þrjú störf sem þú gafst flest stig.

2


1

3

Þessum störfum hefur þú áhuga á. Þú ættir að kynna þér þau betur.

16. ENDURMAT


Matsaðferðin sem þú studdist við í *kafli 15. ÁHUGAVERÐ STÖRE*, leiddi til þess að þú kannaðir gildismat þitt og áhuga með skipulögðum hætti. Markmið þessarar æfingar er ekki að þú veljir þér starf í eitt skipti fyrir öll. Tilgangurinn er að þú prófir að ganga í gegnum ferli þar sem þú vegur og metur ákveðna þætti og velur að endingu úr mörgum möguleikum. Þá er það ekki síður mikilvægt að þú áttir þig á gildi þess að vera vel upplýstur um eðli þeirra starfa sem vekja áhuga þinn.




Verkefni

Prófaðu nú að gera æfinguna aftur út frá öðrum gildum eða störfum.

		Starf 1		Starf 2		Starf 3		Starf 4		Starf 5	
	Margfeldi										
Grundvallargildi		X	Y	X	Y	X	Y	X	Y	X	Y
A.	x8										
B.	x6										
C.	x4										
D.	x2										
Samtals í Y reit											



Til umhugsunar



17. UNDIRBÚNINGUR UNDIR STARFSFERIL



Nú hefur þú skoðað ýmis störf sem þér finnast áhugaverð og mögulega gætir þú hugsað þér að starfa við eitt þeirra í framtíðinni. En hvað þarft þú að gera til að fá þetta starf? Hvernig getur þú undirbúið þig fyrir að sinna starfinu vel?

Við rifjum upp **Töfraformúluna** úr kafla 4, en ein af spurningum hennar er: *Hvers krefst starfið?* Með þessari spurningu er verið að leita eftir vitneskju um þá persónulega eiginleika og þann undirbúning sem er nauðsynlegur fyrir tiltekið starf.

Hér má sjá töflur úr 4. kafla um persónulega eiginleika og undirbúning:

Persónulegir eiginleikar	Undirbúningur
<p>Til þess að vita hvers starf krefst af okkur þurfum við að spyrja um þá persónulegu eiginleika sem verða að einkenna þann sem vill stunda starfið.</p> <ol style="list-style-type: none">1. Hvaða áhugamál þarf sá að hafa sem vill stunda þetta starf?2. Hvaða skapgerðarþættir þurfa að einkenna hann?3. Hvaða hæfni leiðir til velgengni í þessu starfi?	<p>Sá sem stefnir á að sinna tilteknu starfi þarf að spyrja um nauðsynlegan undirbúning.</p> <ol style="list-style-type: none">1. Þarf að stunda skólanám?2. Hvaða kröfur má búast við að tilvonandi vinnuveitandi geri?3. Þarf sérstaka starfsþjálfun til að stunda starfið?4. Er þörf á sérstakri þekkingu fyrir starfið?5. Hvert getum við leitað til að afla upplýsinga um skóla sem bjóða upp á nauðsynlega starfsþjálfun?6. Er nauðsynlegt að hafa náð einhverju prófi til að geta sótt um starfið?
<p>Hér skoðum við: Færni og áhuga</p>	<p>Hér skoðum við: Þekkingu og kunnáttu</p>

Nemendablað

Undirbúningur í grunnskóla

Það er þannig að í skólanum lærum við margt sem er nauðsynlegt að vita. Glíman við verkefni og kynni okkar af öðru fólki í skólanum kennir okkur margt um okkur sjálf og aðra.

Reynsla

Sú reynsla sem við öðlumst í grunnskóla hjálpar okkur að uppgötva hver við erum og hvað við gætum orðið. Þessi reynsla gefur okkur kost á að þróa með okkur ýmiss konar hæfileika og færni: Reynslu af ábyrgð og sjálfstæði, að tjá okkur, rökræða og koma hugmyndum okkar á framfæri, að hlusta á aðra og taka afstöðu, að undirbúa og skipuleggja ýmiss konar verkefni og að hjálpa öðrum. Í skólanum lærum við líka að lifa í samfélagi með ólíku fólki.

Hér eru ýmis atriði sem þú getur hafa lært í skólanum, jafnvel án þess að hafa áttað þig á því:

Sjálfstæði	Ábyrgðar- kennd	Félagsleg færni	Frumkvæði	Að finna lausnir á vandamálum
Að þiggja hjálp frá öðrum	Tillitssemi	Samvisku- semi	Að afla upplýsinga og læra af heimildum	Lýðræðisleg vinnubrögð
Að hjálpa öðrum	Skipulögð vinnubrögð	Að bera virðingu fyrir skoðunum annarra	Að deila með öðrum	Að hlusta og fylgja leið- beiningum

Það er því ljóst að við lærum meira í skólanum en aðeins það sem stendur í námsbókum. Við lærum margt af því sem okkur er nauðsynlegt að kunna til að geta tileinkað okkur það sem á eftir kemur grunnskólagöngunni.

Tengsl skóla og starfa

Námshæfni grunnskólans tengjast störfum mismikið. Í sumum tilvikum eru tengslin augljós og námið í skólanum þá góður undirbúningur fyrir starfið. Sem dæmi má nefna að sú þekking um efnafræði sem þið lærið í grunnskóla gagnast vel ef þú velur að læra meira um efnafræði í framhaldsskóla eða háskóla eða jafnvel vilt starfa sem efnafræðingur.

Í öðrum tilvikum eru tengslin ekki eins ljós heldur um óbein tengsl að ræða, t.d. sú þjálfun sem felst í að halda kynningar og fyrirlestra fyrir framan bekkinn sinn kemur sér að góðum notum í margvíslegum störfum eins og kennurum, lögfræðingum og sölufulltrúum.

Verkefni

Veldu eitt af þeim störfum sem þú fékkst í annaðhvort kafla 15. *ÁHUGAVERÐ STÖRF* eða 16. *ENDURMAT* og svaraðu spurningum um undirbúning og eiginleika.

Þú þarft að afla upplýsinga um starfið til þess að geta leyst þetta verkefni. Þú getið fundið upplýsingar á internetinu eða talað við einstaklinga sem sinna þessu starfi.

Skoðu spurningarnar í töflunni hér að ofan um persónulega eiginleika og undirbúning. Leitaðu upplýsinga um starfið og skrifaðu nokkrar staðreyndir um hvorn þáttinn hér fyrir neðan. Að lokum listar þú upp hvað þú þarft að gera til að auka líkur á því að verða ráðin/n í starfið.

Undirbúningur: Ef það þarf að ljúka ákveðnu námi eða starfsþjálfun til að sinna starfinu þá nefnir þú það hér. Þarf háskólagráðu í starfið? Hvaða skólar kenna námið? Þarf að hafa ákveðna starfsreynslu?

Persónulegir eiginleikar: hvaða eiginleika þarf að hafa til að sinna starfinu? Skiptir máli hvaða áhugamál ég hef, eða hvernig skapgerðarhættir mínir eru?

Hvað þarf ég að gera: hér er gott að skoða hvort það séu inntökuskilyrði inn í námið og hvort þú þurfir að efla einhverja eiginleika eða færni hjá þér.

Dæmi:

Starf: Hársnyrtir

Undirbúningur: Til að verða hársnyrtir þarf að ljúka námi í hársnyrtiiðn sem tekur 3-4 ár að klára. Námið er bæði bóklegt og verklegt og svo er líka vinnustaðanáam þar sem nemendur kynnast vinnu á hárgreiðslustofum.

Persónulegir eiginleikar: Hársnyrtir þarf að geta hlustað vel á óskir viðskiptavina sinna og sýna þjónustulund. Hann þarf líka að vera með góða samskiptahæfni og vera til í að spjalla. Einnig er gott að hann fylgist með tískuástráumum í faginu og tileinki sér nýjungar.

Hvað þarf ég að gera: Ég þarf að uppfylla inntökuskilyrði inn í námið, þannig að ég þarf að passa að klára alla námsáfangana sem er beðið um og vera með nógu góða lokaeinkunn. Ég hef mikinn áhuga á tísku þannig ég þarf ekki að bæta neitt þar en ég get stundum verið feimin/n þannig að ég þarf að æfa mig í að spjalla við fólk sem ég þekki ekki mikið.

Starf: _____

Undirbúningur: _____

Persónulegir eiginleikar: _____

Hvað þarf ég að gera: _____

18. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ



Hugum nú að því hvað hver og einn getur gert til að styrkja sjálfan sig. Öll höfum við eitthvað sem okkur langar að gera betur eða efla okkur í. Dæmi um slík markmið væri t.d. að bæta einkunnir, finna sumarvinnu, safna fyrir bílprófi, hætta að mæta of seint, búa til betra skipulag fyrir heimaverkefni, stunda líkamsrækt o.s.frv.

A) Skrifaðu þrjú markmið sem þig langar að setja þér núna. Þú getur ýmist nýtt þau atriði sem voru yst í köngulóarvefnum þínum (úr kafla 9. *BROTTHVARFSHÆTTA*) eða sett þér önnur markmið.

Skrifaðu niður markmiðið, hvaða efnivið eða lausnir þú getur nýtt þér til að ná tilteknu markmiði og að lokum skaltu setja þér tímaramma.

Dæmi:

Markmið: Finna sumarvinnu. **Efniviður/lausnir:** búa til ferilskrá, hafa samband við fyrirtæki, senda inn atvinnuumsóknir. **Tímarammi:** senda úr 2–4 umsóknir á viku. Stefna á að finna vinnu fyrir 1.maí.

Markmið	Efniviður/lausnir	Tímarammi

B) Það að setja sér markmið eykur líkurnar á að þú haldir þér við efnið. Nú skaltu hugsa þig vel um og setja þér svo markmið um fyrirætlanir þínar í framtíðinni. Þetta getur verið markmið um námsárangur, val á framhaldsnámi, framtíðarstarf eða hvað eina sem þér finnst verðugt að stefna að.

Markmið:

Hvað í fari mínu stuðlar að því að þessi markmið náist?

Hverju þarf ég að breyta í fari mínu til þess að þessi markmið náist?

19. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN



Hvernig eru ákvarðanir teknar?

Oft þykjumst við vita hvað við viljum eða hvað okkur er fyrir bestu. En ekki er alltaf hugsað út í þær afleiðingar sem fylgja ákvörðunum.

Ert þú alltaf viss um að hafa tekið þá ákvörðun sem í raun er þér fyrir bestu?

Stundum erum við hikandi, óákveðin eða fús til þess að láta aðra um að taka ákvörðunina fyrir okkur (foreldra, vini o.s.frv.). Stundum bíðum við átekta og látum tilviljun ráða.

Er ekki viturlegra að skoða hugsanlegar afleiðingar þeirra valkosta sem fyrir hendi eru? Að taka sjálfstæða ákvörðun í stað þess að gera það sem öðrum finnst þú eigir að gera?

Hvernig tekur þú ákvarðanir?

Í lok þessara kafla verð ég fær um að:

Átta mig á muninum á að taka sjálfstæðar og ósjálfstæðar ákvarðanir og gera mér grein fyrir hvernig ég fer að því að taka ákvarðanir.

Þættir sem hafa áhrif á ákvörðunartöku

Á meðfylgjandi töflum sjást nokkrir þættir sem hafa áhrif þegar taka á ákvörðun. Íhugið hvort einhver þessara þátta hafi áhrif á ákvörðun sem þú hefur tekið eða ert í þann mund að taka.

Umhverfi

(utanaðkomandi þættir)

Hér er farið eftir:

- Vinum
- Fjölskyldu minni
- Tilviljunum
- Stemningunni í bekknum
- Hindrunum sem eru vegna ...
- Kröfum sem ...
- Nauðsyn þess að gera eins og ...
- Þrýstingi frá ...

Ég sjálf/ur

(persónulegir þættir)

Hér er farið eftir:

- Hæfileikum mínum
- Metnaði mínum
- Persónulegum markmiðum mínum
- Ánægju minni að ...
- Áhuga mínum
- Hentisemi minni
- Hér skoðum við:

Ósjálfstæðar ákvarðanir

Sá sem tekur ákvörðun eftir því hvaða skoðun eða væntingar eru í umhverfi hans hefur staðið að ákvörðuninni með ósjálfstæðum hætti.

Sjálfstæðar ákvarðanir

Sá sem tekur ákvörðun út frá eigin skoðun eða væntingum hefur staðið að ákvörðuninni með sjálfstæðum hætti.

Verkefni

Hér eru átta dæmi sem hvert um sig sýnir ólíkar aðferðir við að taka ákvörðun.

Kannið hvort staðið sé sjálfstætt eða ósjálfstætt að ákvarðanatökunni.

Merkið í viðeigandi reiti og rökstyðjið svarið.

1. Að láta forlögin ráða

Ég hef ekkert um þetta að segja. Ég geri það sem ég get, þegar ég get.

Úrslit leiksins ráðast fyrir fram. Það er hvort sem er ekkert hægt að gera í þessu.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

2. Að vega og meta

Ég vil gjarnan vega og meta það sem mælir með ákvörðun og það sem mælir gegn henni. Ég hugsa mikið um hverjar þarfir mínar og langanir eru.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

3. Fastheldni

Mér er enginn vandi á höndum, ég vel út frá skoðunum mínum.

Ég fylgi fast eftir því sem ég hef einsett mér að hrinda í framkvæmd.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

4. Að bíða

Hvers vegna að gera í dag það sem getur beðið til morguns?

Ég veit ekki af hverju en ég má aldrei vera að því að taka á mínum málum.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

5. Innsæi

Það er enginn asi á mér. Ég veit hvað mér er fyrir bestu.

Ég vel og ákveð eftir eigin sannfæringu.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

6. Að gera eins og aðrir vilja

Ég segi ekki beint það sem ég hugsa og ég geri ekki alltaf það sem ég vil.

Vinir mínir eru líka ánægðir af því að ég geri það sem þeir vilja. Ég á erfitt með að segja nei þegar ég er beðin/n um eitthvað.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

7. Að láta kylfu ráða kasti

Fyrsta hugmyndin sem mér kemur í hug er yfirleitt sú besta. Ég eyði ekki tíma í umhugsun. Ég lít út fyrir að vera sá/sú sem veit alltaf hvað ég vil, en í raun er ég hálf ráðvillt/ur.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

8. Marksækni

Mér líkar mjög vel að vinna að verki þar sem stefnt er að ákveðnu marki.

Ég hef mörg áform og get staðið við það sem ég ákveð. Ég sýni frumkvæði og vanda verk mín.

Sjálfstætt Ósjálfstætt

Heimaverkefni

Kannist þið við tilfinninguna sem oft fylgir í kjölfar þess að ákvörðun hefur verið tekin? Stundum er það léttir, en stundum eftirsjá. Kannist þið líka við að ákvarðanir geta verið miserfiðar?

Hugsið nú til baka og reynið að meta hvernig þið hafið tekið ákvörðun, hvort sem hún var stór eða smá. Þetta mat auðveldar ykkur e.t.v. að taka ákvörðun í framtíðinni.

Hvernig farið þið að? Byrjið á að spyrja ykkur eftirfarandi spurninga:

- Hafið þið tekið ákvarðanir á sjálfstæðan eða ósjálfstæðan hátt?
- Hafið þið verið óánægð eða ánægð með ákvarðanir ykkar?
- Gerið lista yfir ákvarðanir sem þið hafið tekið undanfarið (2–4 ákvarðanir).
- Merkið í dálkinn til vinstri (*Háttur*) hvort þið tókuð tiltekna ákvörðun með sjálfstæðum (S) eða ósjálfstæðum (Ó) hætti.
- Merkið í dálkinn til hægri (*Ánægja*) hvort þið voruð ánægð (*Já*) eða óánægð (*Nei*) með ákvörðun ykkar.

Ákvarðanir	Háttur		Ánægja	
	S	Ó	Já	Nei



20. MARGT ER UM AÐ VELJA

Lokaverkefni

Dragðu saman það sem þú hefur lært í þessu námsefni. Þú getur valið fjölbreytta miðla til að skila verkefninu á, t.d. búa til vefsíðu, myndband eða plaggat, lesa inn á glærur, skrifa texta eða notað einhvern annan miðil í samráði við kennara.

Það sem þarf að koma fram í verkefninu þínu:

1. Tvö störf
2. Gildin þín og áhugi
3. Mikilvægt atriði sem þú hefur lært

Nánari lýsing

Störf: Veldu þér tvö störf sem þér finnst áhugaverð og gætir hugsað þér að starfa við í framtíðinni.

Þegar þú hefur valið þér störf leitar þú upplýsinga um:

- Starfslýsingu eða hvað felst í starfinu.
- Hvaða nám eða reynslu þarf til að starfa við þetta?
- Hvaða kostir finnst þér vera við þetta starf?
- Hvaða ókostir finnst þér vera við þetta starf?

Skoðaðu kafla 17 til að sjá þar sem þú skrifaðir um undirbúning fyrir starf.

Skoðaðu kafla 3, 4, 10, 15 og 16 til að sjá þau störf sem þú hefur þegar skráð niður.

Gildin þín og áhugi: Hér er markmiðið að þú hugsir um hver þín gildi eru og hvað þér finnst gaman að gera. Dragðu fram nokkur atriði sem þér finnst lýsa þínum gildum og áhuga.

Skoðaðu kafla 6, 7 og 14 til að sjá hvað þú hefur skráð um gildi og áhuga.

Nefndu mikilvæg atriði sem þú hefur lært: Hvað finnst þér standa upp úr eftir efnið? Nefndu 1–2 atriði sem þér fannst áhugaverð eða það sem þú telur að geti nýst þér í framtíðinni.

LOKAORÐ

Nú hefur þú kæri nemandi farið í gegnum námsefnið *Margt er um að velja* og vonandi hefur þú lært ýmislegt gagnlegt, bæði um sjálfa/n þig og þau störf sem eru að finna í samfélagi okkar.

Eftir að skólagöngu þinni í grunnskóla lýkur tekur við næsti kafli í lífi þínu. Þú getur til dæmis valið um fjölbreyttar námsleiðir í framhaldsskólum, hvort sem það er bóklegt nám, verklegt eða nám tengt ýmskonar listsköpun. Þitt er valið!

En hafðu í huga að sú braut sem þú ferð á eftir grunnskóla (eða seinna meir) er hægt að endurskoða með ýmsum hætti síðar. Hér er ekki um óafturkræfa ákvörðun að ræða.

Þú hefur nú lært að kanna möguleika í námi og starfi og hvernig ráðlegt er að standa að mikilvægri ákvörðunartöku. Þessa kunnáttu getur þú nýtt þér á vegferð þinni um nám og störf ævilangt.

Mundu að nám og störf eru ekki stöðnuð fyrirbæri, heldur sífelld að þróast og þú sömuleiðis!

Atvinnumarkaðurinn hefur breyst mikið síðustu áratugi. Áður fyrr þótti eðlilegt að sinna sama starfi eða vinna á sama starfsvettvangi alla starfsævina. En í dag er fólk ekki bundið við eitt starf heldur er líklegra að það skipti reglulega um störf í gegnum ævina og jafnvel breyti um starfsvettvang líka. Talað er um ævimenntun og ævilanga starfsþróun í því samhengi að við höfum tækifæri til að endurmennta okkur og þróa og breyta starfsferli okkar í gegnum alla okkar starfsævi.

Að lokum ber að nefna að þú hefur alltaf aðgang að náms- og starfsráðgjafa ef þú vilt fá ráðgjöf varðandi nám og störf, hvenær og hvar sem þú ert á þinni vegferð. Hægt er að nálgast þjónustu náms- og starfsráðgjafa meðal annars í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum, símenntunarstöðvum og hjá Vinnumálastofnun.

Gangi þér vell!